

# ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársskýrsla  
2004

## Efnisyfirlit

1.	<b>Aðfaraorð formanns</b> .....	3
2.	<b>Starfsemi Úrvinnslusjóðs 2004</b> .....	4
2.1	Stjórn og starfsmenn .....	4
2.2	Hlutverk og verklag .....	4
2.3	Breytingar á lögum vegna bifreiða .....	5
2.4	Skilagjald á bifreiðar hækkar .....	6
2.5	Aðrar lagabreytingar .....	6
2.6	Heyrúlluplast .....	6
2.7	Pappa- og plastumbúðir .....	6
2.8	Samstarf við sveitarfélögin .....	6
2.9	Kynningar á verkefnum Úrvinnslusjóðs .....	6
2.10	Raftæki og rafeindatæki .....	6
3.	<b>Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2004</b> .....	7
3.1	Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra .....	8
3.2	Áritun endurskoðenda .....	8
3.3	Rekstrarreikningur ársins 2004 .....	9
3.4	Efnahagsreikningur 31. desember 2004 .....	9
3.5	Sjóðstreymi árið 2004 .....	10
3.6	Skýringar með ársreikningi 2004 .....	10
3.7	Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2004 .....	13
4.	<b>Rekstur úrvinnslugjaldskerfisins</b> .....	14
4.1	Fjárhagsafkoma .....	14
4.2	Kostnaður við framkvæmd laganna um úrvinnslugjald .....	15
4.3	Samanburður við rekstaráætlun 2004 .....	15
5.	<b>Rekstraryfirlit eftir einstökum vöruflokkum</b> .....	17
5.1	Heyrúlluplast .....	17
5.2	Samsettar umbúðir .....	18
5.3	Oliuvörur .....	19
5.4	Lífræn leysiefni .....	20
5.5	Halógeneruð efnasambönd .....	21
5.6	Ísósýanöt .....	22
5.7	Málning og litarefni .....	23
5.8	Prentlitir .....	24
5.9	Rafhlöður .....	25
5.10	Blýsýrurafgeymar .....	26
5.11	Vörur í ljósmyndaiðnaði, framköllunarvökvar .....	27
5.12	Kvikasilfurvörur .....	28
5.13	Varnarefni .....	29
5.14	Kælimiðlar .....	30
5.15	Hjólbarðar .....	31
5.16	Raftæki .....	31
5.17	Ókutæki .....	32

Útgefandi: Úrvinnslusjóður 2004  
Ljósmynd á forsiðu: H2 Hönnun  
Prentvinnsla: Prentsmiðjan Gutenberg

# 1. Aðfaraorð formanns

Árið 2004 var annað starfsár Úrvinnslusjóðs. Starf sjóðsins einkenndist mjög af greiningarvinnu, mótun þjónustu- og vinnslukerfa og vinnu við nýja vöruflokk sem felldir hafa verið undir lög um úrvinnslugjald. Einkum ber þar að nefna úrsérgengnar bifreiðar, heyrúlluplast og umbúðir úr pappa, pappír og plasti. Jafnframt var talsvert fjallað um veiðarfæri úr gerviefnum en álagningu úrvinnslugjalds á þann vöruflokk var frestað til 1. september 2005. Auk þess voru raftæki og rafeindateki skoðuð sérstaklega þar sem tilskipun Evrópubandalagsins leggur fyrir að endurvinnsla úrgangs þessara vörutegunda fari í ákveðinn farveg. Á árinu voru gerðar breytingar á álagningar- og skilagjaldskerfi vegna bifreiða. Álagning var útvíkkuð frá upphaflegum ákvæðum eins og fram kemur í ársskýrslunni og skilagjald var hækkað talsvert til þess að örva skil.

Mótað var kerfi varðandi flutning, söfnun og meðhöndlun á heyrúlluplasti. Málið var unnið í nánú samráði við bændasamtökin og átti fulltrúi bænda, Ari Teitsson, drjúgan þátt í þeirri vinnu. Var gert ráð fyrir að bændur gætu lagt fram hluta þeirrar vinnu sem nauðsynleg er og einir sér eða í samtökum gerst þjónustuaðilar. Nýmæli var að ekki er gert ráð fyrir að bændur sinni meiru en þeir sjálfir ákveða, almennt eru þjónustuaðilar skyldaðir samkvæmt verklýsingum Úrvinnslusjóðs til að sinna fyrirfram skilgreindum landshlutum, kjósi þeir að starfa fyrir Úrvinnslusjóð.

Hönnun álagningarkerfis fyrir umbúðir var umfangsmikil. Greiningarvinnan tók til svo að segja allrar vöru sem framleidd er hér eða flutt til landsins. Ekki liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um magn umbúða sem settar eru á markað á Íslandi. Stjórn Úrvinnslusjóðs og starfsfólk hans hafa því haft næg verkefni, við að greina magn umbúða, sem líklegt er að falli til á Íslandi. Vegna þess hvað upplýsingar um umbúðanotkun utan um vörur eru af skornum skammti á Íslandi ákvað stjórn Úrvinnslusjóðs að leita eftir samstarfi við ráðgjafarfyrirtækið Logisys A/S í Danmörku. Logisys A/S er ráðgjafi danskra stjórnvalda við mat á umbúðum er falla til í Danmörku á ári hverju. Vonast er til að niðurstöður liggi fyrir á næsta ári.

Mikil áhersla var lögð á árinu á samstarf við hagsmunaaðila. Formlegt samráð var við Samband íslenskra sveitarfélaga um meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum og flutning hans til endurnýtingar.

Aukin umsvif Úrvinnslusjóðs kölluðu á fjölgun starfsmanna. Í lok ársins voru ráðnir tveir nýir starfsmenn. Gott samstarf var við samtök atvinnulífsins og hinar ýmsu stofnanir sem að úrvinnslu koma og nán samvinna við umhverfisráðuneytið.

Guðm. G. Þórarinnsson  
Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs

## 2. Starfsemi Úrvinnslusjóðs árið 2004

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim er Úrvinnslusjóður settur á stofn og jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar, en Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um Úrvinnslusjóð er gert ráð fyrir því að umhverfissráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjald og Úrvinnslusjóð. Það var gert þann 28. mars 2003 með reglugerð nr. 227/2003. Hún var síðan felld úr gildi þann 30. júní 2003 með reglugerð nr. 501/2003.

Stjórn skipuð af umhverfissráðherra fer með ábyrgð á rekstri sjóðsins gagnvart ráðherra.

### 2.1 Stjórn

Umhverfissráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Hann skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:

Einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn

frá SVP – Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varaformaður, sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Stjórn Úrvinnslusjóðs skipa Guðmundur G. Þórarinsson, stjórnarformaður, Sveinn Hannesson, frá Samtökum iðnaðarins, varaformaður, Guðfinnur Johnsen, frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurður Jónsson, frá SVP – Samtökum verslunar og þjónustu og Stefán Hermannsson, verkfræðingur fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga.

Starfsmönnum Úrvinnslusjóðs fjölgaði um tvo í árslok 2004 og eru nú fimm.

### 2.2 Hlutverk

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vörum sem falla undir lög um Úrvinnslusjóð.

Úrvinnslusjóður á að leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semja við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á.

### Álagning og breytingar úrvinnslugjalds

Nr. Vöruflokkur	15.3.1997	15.4.1997	15.6.1997	1.8.1997	1.11.1997	1.3.1998	5.3.1999	15.3.1999	1.11.1999	1.1.2000	1.9.2000	1.8.2001	15.12.2001	1.1.2003	1.1.2004	1.1.2005
01 Heyrullplast															25,00	
02 Samsettar umbúðir														22,23		10,00
02 Samsettar umbúðir (kr./stk.)														0,59-0,73		0,26-0,33
04 Öliuvörur aðrar en brennsluóla								10,00					9,50	11,50	14,50	
04 Svartolía							0,00									
05 Lífræn leysiefni			0,50			1,50					3,00					
06 Halógeneruð efnasambönd						22,00					75,00	90,00	105,00			130,00
07 Ísósyranöt					1,00									1,30	1,50	
08 Öliumálning			2,00			6,00					10,50	13,50	16,00	17,00	20,00	
09 Prentlitir			2,00			6,00							16,00	20,00	34,00	
10 Mangandíoxíðraflíður														91,00		45,50
10 Líþíumraflíður														171,00		85,50
10 Rafhlöður með nikkeldíum				186,00							200,00	N/A		202,00		101,00
10 Rafhlöður með nikkeldíum (kr./stk.)												13,00		N/A		
10 Rafhlöður með kvikasilfri				186,00							200,00	N/A		559,00		279,50
10 Rafhlöður með kvikasilfri (kr./stk.)												13,00		N/A		
10 Alkalískar hnapparaflíður				186,00							N/A					
10 Alkalískar hnapparaflíður (kr./stk.)											9,00	13,00		5,00		2,50
11 Rafgeymar með síru	26,00										21,00	19,00				
11 Rafgeymar án síru	36,40										29,40	26,60				
11 Rafgeymar í tækjum (kr./ökutæki)	143,00-2.288,00									115,50-1.848,00	104,50-1.672,00					
11 Rafhlöður í rafmagnsspennum				26,00							21,00	19,00				
12 Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði		32,25-258,00								29,25-234,00			36,75-294,00	51,00-408,00		
12 Önnur kemísk framleiðsla til ljósmyndunar							258,00				234,00			294,00	408,00	
13 Kvikasilfursvörur									900,00							
14 Varnarefni, útrýmingarefni					3,00											
14 Varnarefni, fúavarnarefni					3,00											
15 Kælimiðlar									98,00					2,50		
16 Hjólbarðar (kr./kg)														36,02		30,00
16 Hjólbarðar (kr./ökutæki)														72,04-36,020		60,00-30.000
18 Pappírs- og pappaubúðir																
20 Plastubúðir																
51 Ökutæki (kr./ökutæki á ári)														1.040,00		700,00

Ath. Úrvinnslugjald er alls staðar í kr./kg nema annars sé getið

Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokki, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vöru og úrvinnslu hennar. Auk þess geri Úrvinnslusjóður ár hvert fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar á eftir með hliðsjón af áætlun um magn gjaldskyldrar vöru á markaði, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaði við úrvinnslu hans á grundvelli útreikninga, útboða og verksamninga.


Ef gjaldskyld vara, eða úrgangur af henni er sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal Úrvinnslusjóður hlutast til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjaldið samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Þá er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar eigin úrgangs samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er.

Við öflun hráefna og orku er oft gengið á náttúruleg gæði og sama gildir um úrgang sem verður til við vörunotkun og þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki auk þess að sem minnst falli úr hringrásinni í formi úrgangs sem verður að farga.

Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni í formi úrgangs sem þarf að farga. Hann reynir með hagrænum hvötum að stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu.



Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds. Samið verður um verkþætti á grundvelli útboða eða verksamninga.


Söfnunarstöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer úrgangurinn til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Móttökustöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum.

### 2.3 Breytingar á lögum vegna bifreiða

Úrvinnslugjald var lagt á bifreiðar er bera bifreiðagjald 1. janúar 2003. 1. júlí sama ár var lagt

### Fyrirkomulag



úrvinnslugjald á allar bifreiðar óháð því hvort þær væru undanþegnar bifreiðagjaldi eða ekki. Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru líka gjaldskyldar.

Skil á bifreiðum til úrvinnslu voru töluvert minni en áætlanir fyrir árið 2003 gerðu ráð fyrir. Til að athuga hvaða ástæður væru fyrir því var lagt í vinnu við að greina aldursskiptingu bifreiða og sérstaklega athugað hvort að úrvinnslugjald næði til þeirra bifreiða er líklegar voru til að vera afskráðar til úrvinnslu. Niðurstaða þessarar athugunar leiddi í ljós að um 30% skráðra bifreiða eða bifreiða er höfðu innlögð númer var ekki lagt á úrvinnslugjald. Fyrir þessar bifreiðar var ekki greitt skilagjald við afskráningu til úrvinnslu.

Stjórn Úrvinnslusjóðs ákvað í framhaldi niðurstöðu athugana Úrvinnslusjóðs og Frumherja hf að leggja til við umhverfisráðherra að miða nýskráningardag bifreiða sem bera úrvinnslugjald, og eiga þar með rétt á skilagjaldi, framvegis við 1. janúar 1980 í stað 1988.

Einnig að bifreiðar bera úrvinnslugjald í full 15 ár í stað þess að þar til bifreiðar ná 15 ára aldri frá skráningardegi.

Vegna minni skila á bifreiðum til úrvinnslu og þar með sjóðssöfnun, ákvað stjórn Úrvinnslusjóðs að leggja til við umhverfisráðherra að lækka úrvinnslugjald frá 1. janúar 2005 úr 1.040 kr. í 700 kr. á ári og að hækka skilagjald úr 10.000 kr. í 15.000 kr. fyrir hvert ökutæki. Gjaldið er innheimt með bifreiðagjaldi.

Úrvinnslugjald er innheimt af bifreiðum þó að númer hafi verið lögð inn en ekki gengið frá afskráningu. Þess vegna þarf að ganga frá afskráningu bifreiðar til úrvinnslu hjá skoðunarstöðvum eða Umferðarstofu til að gjaldið falli niður.

Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að greitt hefur verið úrvinnslugjald af bifreiðinni í full 15 ár frá nýskráningu.

### 2.4 Skilagjald á bifreiðar hækkar

Greiða skal skilagjald, hverjum þeim sem afhendir gjaldskylda bifreið til söfnunarstöðvar eða móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar. Þar fær eigandi bifreiðarinnar útgefið skilavottorð sem síðan er framvísað á skoðunarstöð eða hjá Umferðarstofu. Þar getur síðasti eigandi bifreiðar fengið skilagjaldið greitt enda hafi ökutækið verið afskráð til úrvinnslu og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki. Ökutæki sem eru skráð fyrir 1988 falla ekki undir kerfið enda hefur aldrei verið greitt af þeim úrvinnslugjald. Skilagjaldið er greitt út hjá skoðunarstöðvum, Umferðarstofu eða innheimtu-

mönnum ríkissjóðs. Einnig er hægt að fá gjaldið greitt inn á bankareikning í eigu síðasta skráða eiganda bifreiðarinnar. Stjórn Úrvinnslusjóðs telur að skil muni aukast verulega með þessum breytingum og að úrvinnslugjaldskerfi fyrir bifreiðar gagnist nú eigendum svo til allra skráðra bifreiða landsmanna.

## 2.5 Aðrar lagabreytingar

Álagningu úrvinnslugjalds á veiðarfæri úr gerviefnum var frestað 1. september 2005. Jafnframt var veitt undanþága á álagningu úrvinnslugjalds á veiðarfæri úr gerviefnum frá sama tíma, gegn því að veiðarfæragerðir/innflytjendur og útgerðir sæju um og greiddu fyrir innsöfnun og endurnýtingu á veiðarfærum með frjálsu samkomulagi milli aðila. Ef ekki tekst samkomulag um meðhöndlun veiðarfæra mun úrvinnslugjald vera lagt á veiðarfæri úr gerviefnum og Úrvinnslusjóður sjá um að koma á kerfi til meðhöndlunar á veiðarfærum.

## 2.6 Heyrúlluplast

Unnið var að útfærslu verklýsingar fyrir meðhöndlun á heyrúlluplasti. Verklýsingin var unnin af VGK og Úrvinnslusjóði í nánú samstarfi við Bændasamtök Íslands. Fulltrúi BÍ var Ari Teitsson. Starfsmenn Úrvinnslusjóðs ásamt Ara fóru í kynnisferð til Noregs til að skoða aðferðir Norðmanna við meðhöndlun og endurnýtingu á heyrúlluplasti. Norðmenn og Íslendingar eru þær þjóðir Vestur-Evrópu er nota mest af heyrúlluplasti til að geyma heyfeng sinn.

## Álagning úrvinnslugjalds á heyrúlluplast

Stjórn Úrvinnslusjóðs skilaði tillögu til Umhverfissráðherra á árinu 2003 um úrvinnslugjald á heyrúlluplast sem greitt verður í tolli við innflutning þess. Upphæð úrvinnslugjaldsins var ákveðið 25 kr/kg og hófst gjaldtakan 1. janúar 2004. Móttaka á heyrúlluplasti til meðhöndlunar hófst 1. júlí 2004. Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkti verklýsingu fyrir meðhöndlun heyrúlluplasts og hvernig greitt verður fyrir hana til þjónustuaðila sjóðsins.

## 2.7 Pappa- og plastumbúðir

Mikil greiningarvinna á umfangi pappa- og plastumbúða var unnin á árinu. Ekki lá fyrir hvernig best væri að meta magn umbúða er fellur til á Íslandi. Leitað var upplýsinga og leiðbeininga hjá samstarfsaðilum í Evrópu. Úrvinnslusjóður samdi við ráðgjafarfirmir Logisys A/S í Danmörku um úttekt á umbúðum utan um vöru sem flutt er til Íslands. Logisys A/S hefur í rúm 15 ár þróað matskerfi umbúða eftir átta stafa tollnúmerum, þar sem fyrstu sex stafirnir eru alþjóðlegir. Logisys A/S hefur gert það með því að skoða vörur innan viðkomandi tollnúmera og meta og vigta umbúðir og skipta þeim upp eftir efnisflokkum. Útkoman er tafla sem inniheldur upplýsingar um meðalþyngd mismunandi umbúðaefna í hverju tollnúmeri. Danska umhverfisstofnunin, Miljøstyrelsen, notast við útreikninga Logisys A/S til að meta magn umbúða er fellur til í Danmörku. Einnig voru starfsmenn Plastretur A/S í Noregi

(samtök framleiðenda og innflytjenda á vörum í plastumbúðum) Úrvinnslusjóði innan handar við að kynna þeim meðhöndlun á plastumbúðum í Noregi. Sérstaklega var kynnt fyrir starfsmönnum Úrvinnslusjóðs hvernig Plastretur A/S hagar innheimtu gjalds af framleiðendum/innflytjendum í Noregi, og hvernig Plastretur A/S gerir samninga við sveitarfélög fyrir þeirra framlag við innsöfnun og flokkun umbúða.

## 2.8 Samstarf við sveitarfélög

Í upphafi starfsemi Úrvinnslusjóðs var komið á samstarfi sjóðsins og fulltrúa frá sveitarfélögum um framkvæmd meðhöndlunar á flokkunum úrgangi, sem ber úrvinnslugjald, á söfnunarstöðvum þeirra. Einnig var haft samstarf um kröfur sem gerðar eru til söfnunarstöðva vegna móttöku á úrsérgengnum bifreiðum. Átta fulltrúar frá sveitarfélögum voru valdir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að skipa samráðshóp sveitarfélaganna og Úrvinnslusjóðs. Fulltrúar SÍS eru frá öllum landshornum og eiga að endurspegla þarfir sveitarfélaga hvar sem þau eru á landinu. Samráðshópurinn fór m.a. yfir verklýsingar og gjaldskrár er Úrvinnslusjóður síðan gaf út. Samráðshópurinn mun starfa áfram og vera Úrvinnslusjóði til ráðgjafar um málefni sveitarfélaganna.

## 2.9 Kynning á verkefnum Úrvinnslusjóðs

Úrvinnslusjóður hélt fjölmarga kynningarfundir um verkefni sjóðsins fyrir félagasamtök og starfsmenn fyrirtækja sem eiga hagsmuna að gæta vegna álagningar úrvinnslugjalds. Einnig voru haldnir fundir þar sem verklýsingar voru kynntar fyrir áhugasömum einstaklingum og fyrirtækjum vegna meðhöndlunar heyrúlluplast og þeim sem meðhöndla úrsérgengnar bifreiðar.

Kynningarrit var sent með öllum innheimtu-seðlum úrvinnslugjalds á bifreiðar. Þar er lýst ferlinu frá afskráningu bifreiðar til greiðslu skilgjalds.

Birtar voru auglýsingar um úrvinnslugjald á hjólbarða við dekkjaskipti bæði að vori og hausti: Í auglýsingunum var lögð áhersla á að búið væri að greiða fyrir endurnýtingu eða förgun hjólbarða sem voru taldir ónýtir. Var það gert til að minna alla aðila á að ekki væri lengur þörf á sérstöku gjaldi er flest hjólbarðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu höfðu tekið upp vegna förgunar á hjólbörðum fyrir viðskiptavinum árið áður.

## 2.10 Raftæki og rafeindatæki

Unnið var að frumskýrslu um innflutning raf(einda)tækja og hugsanlegan úrgang frá þeim og henni skilað til umhverfissráðuneytis. Í skýrslunni voru raf(einda)tæki flokkuð eftir úrgangsflokkun reglugerðar ESB um raf(einda)tækjaúrgang (WEEE) og tollflokkum tollskrár. Farið var í kynnisferð til Noregs og Danmerkur ásamt fulltrúa umhverfissráðuneytis og rætt við stjórnvöld og stjórnendur samtaka verslunar með raf(einda)tæki í báðum löndum. Einnig var skoðuð starfsemi fyrirtækja er endurnýta og endurvinnna raf(einda)tæki.

# ÚRVINNSLUSJÓÐUR

## Ársreikningur 2004

3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra.....	8
3.2 Áritun endurskoðenda .....	8
3.3 Rekstrarreikningur ársins 2004 .....	9
3.4 Efnahagsreikningur árið 2004 .....	9
3.5 Sjóðstreymi árið 2004.....	10

### 3.1 Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Úrvinnslusjóður er sjóður sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Meginhlutverk hans er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs.

Á árinu 2004 varð 308,3 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 679,3 m.kr. og eigið fé nam 577,7 m.kr. í árslok 2004.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, ágúst 2005.

#### Í stjórn

Guðmundur G. Þórarinsson  
formaður (sign)

Sveinn Hannesson (sign)  
Stefán Hermannsson (sign)

Guðfinnur G. Johnsen (sign)  
Sig. Jónsson (sign)

Framkvæmdastjóri  
Ólafur Kjartansson (sign)

### 3.2 Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Úrvinnslusjóðs

Við höfum endurskoðað ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Úrvinnslusjóðs á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, mars 2005

Sigurður fiórðarson,  
ríkisendurskoðandi



### 3.3 Rekstrarreikningur ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Tekjur</b>			
Úrvinnslugjöld v. innfluttra vara .....		499.338.670	354.812.942
Úrvinnslugjöld v. innl.framleiðslu .....		15.201.407	14.682.666
Úrvinnslugjöld v. ökutækja .....		164.515.101	148.494.160
	1	<u>679.055.178</u>	<u>517.989.768</u>
<b>Gjöld</b>			
Rekstrarkostnaður .....	2-3	46.577.038	55.441.305
Móttökustöðvagjöld .....		212.686.079	148.311.662
Flutningsgjöld .....		44.219.250	43.872.873
Söfnunarstöðvagjöld .....		23.181.720	15.451.338
Önnur meðhöndlunargjöld .....		10.344.385	4.359.004
Skilagjald .....		33.822.296	14.138.092
		<u>370.830.768</u>	<u>281.574.274</u>
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur		308.224.410	236.415.494
Fjármunatekjur	4	<u>82.725</u>	<u>1.718.184</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>308.307.135</u>	<u>238.133.678</u>

### 3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Ríkissjóður .....	6	616.720.229	298.959.892
Viðskiptakröfur .....		0	637.440
Virðisaukaskattur .....		0	2.774.494
Úrvinnslugjald .....		61.592.754	39.022.444
Handbært fé .....		1.003.712	2.210.650
Eignir alls		<u>679.316.695</u>	<u>343.604.920</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll: .....			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		269.352.527	31.218.849
Tekjuafgangur ársins .....		308.307.135	238.133.678
Eigið fé	7	<u>577.659.662</u>	<u>269.352.527</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		101.657.033	74.252.393
Skuldir	5	<u>101.657.033</u>	<u>74.252.393</u>
Eigið fé og skuldir		<u>679.316.695</u>	<u>343.604.920</u>

### 3.5 Sjóðstreymi árið 2004

	2004	2003
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Veltufé frá rekstri		
Tekjuafgangur .....	308.307.135	238.133.678
Veltufé frá rekstri	<u>308.307.135</u>	<u>238.133.678</u>
<b>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</b>		
Skammtímakröfur (hækkun) .....	(336.938.842)	(329.190.298)
Viðskiptaskuldir hækkun .....	27.424.769	28.273.653
Handbært fé frá rekstri .....	(309.514.073)	(300.916.645)
Lækkun á handbæru fé .....	(1.206.938)	(62.782.967)
Handbært fé í ársbyrjun .....	<u>2.210.650</u>	<u>64.993.617</u>
Handbært fé í lok ársins .....	<u>1.003.712</u>	<u>2.210.650</u>

### 3.6 Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

#### Skattar

Úrvinnslusjóður greiðir ekki tekju- og eignarskatt

#### Skráning tekna

Úrvinnslugjald er fært í fjárhagsbókhald samkvæmt skilagreinum frá tekjubókhaldskerfi ríkisins.

#### Skráning gjalda

Gjöld eiga almennt að bókast þegar reikningar berast Fjársýslu ríkisins. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

#### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

#### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á

#### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum

#### Bókhald og fjárvarsla

Úrvinnslusjóður er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Tekjur sjóðsins eru færðar í tekjubókhaldskerfi ríkisins.

#### Fjárheimildir og rekstur

Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins sé fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Áætlanir samkvæmt fjárlögum gerðu ráð fyrir að úrvinnslugjald ársins næmi 715 m.kr., en álagt úrvinnslugjald nam 679,1 m.kr. sem er 35,9 m.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrargjöld sjóðsins námu 370,7 m.kr. sem var 344,3 m.kr. lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjuafgangur ársins 2004 var því 308,3 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á áætluðum fjárheimildum og rekstri Úrvinnslusjóðs á árinu 2004:

Í þús.kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Rekstur	Frávik
Almennur rekstur .....	55.000	55.000	41.271	(13.729)
Úrvinnslusjóður.....	660.000	660.000	329.477	(330.523)
Tekjur .....	(715.000)	(715.000)	(679.055)	35.945
	0	0	(308.307)	(308.307)

## Sundurliðanir

### 1. Úrvinnslugjald

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2004 að teknu tilliti til breytinga og afskrifta nam tæplega 500,0 m.kr. Endurgreitt úrvinnslugjald vegna útflutnings, endurnýtingar og leiðréttrar álagningar nam 902,2 þús. kr. Tekjur af úrvinnslugjaldi vegna innfluttra vara á árinu 2004 voru því 499,1 m.kr. Álagning og innheimta gjaldsins er í höndum tollstjóra/sýslumanna.

Úrvinnslugjald vegna innlestrar framleiðslu er vegna þriggja málningarframleiðenda og eins fyrirtækis sem endurvinnur leysiefni. Álagning gjaldsins er í höndum skattstjóra en innheimta er hjá sýslumönnum/tollstjórum.

Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem lagt er á ökutæki og er gjaldið innheimt með bifreiðagjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum en innheimta er hjá sýslumönnum/tollstjórum.

### 2. Laun og launatengd gjöld

Í árslok 2004 var fjöldi starfsmanna Úrvinnslusjóðs 5, ársverk á árinu 2004 voru 3,22. Laun og launatengd gjöld árið 2003 voru vegna stjórnar og framkvæmdastjóra. Aðrir starfsmenn árið 2003 fengu greitt sem verktakar og voru þau gjöld færð með aðkeyptri sérfræðipjónustu. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2004	2003
Dagvinna .....	14.119.787	5.876.691
Yfirvinna .....	2.332.921	0
Aukagreiðslur .....	5.546.276	4.146.000
Launatengd gjöld .....	4.243.357	1.569.096
	26.242.341	11.591.787

### 3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður Úrvinnslusjóðs lækkaði milli ára um 23,5 m.kr. eða 54%. Meginástæða þess er sú að á árinu 2003 fengu starfsmenn sjóðsins greitt sem verktakar sem fært var með aðkeyptri sérfræðipjónustu. Sérstakt umsýslugjald til ríkissjóðs er fært í bókhaldi sjóðsins en samkvæmt lögum skulu tekjur sjóðsins renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem er ákveðið hlutfall af innheimtum tekjum ársins.

	2004	2003
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	2.841.268	3.666.663
Funda- og ferðakostnaður .....	3.018.048	3.099.366
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	3.387.096	25.312.712
Rekstur tækja og áhalda .....	822.946	478.706
Umsýslugjald til ríkissjóðs .....	3.269.649	2.476.908
Húsnæðiskostnaður .....	4.850.415	3.326.957
Eignakaup .....	1.273.602	4.669.903
Afskrifað úrvinnslugjald .....	212.518	162.782
Ýmis kostnaður .....	648.053	655.521
	20.334.697	43.849.518

Úrvinnslusjóði ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vörflokkum. Sértekur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vörflokki og því færður beint til gjalda á viðkomandi vörflokk. Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vörflokk og er skipt á vörflokka í réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vörflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2004 eftir vörflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum.

Rekstrarkostnaður, sértekur .....	5.223.659	14.216.861
Rekstrarkostnaður, sameiginlegur .....	41.353.379	41.224.444
	<u>46.577.038</u>	<u>55.441.305</u>

#### 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur lækkuðu milli ára um 1,8 m.kr. Frá miðju ári 2003 hefur Úrvinnslusjóður verið í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Vextir voru ekki reiknaðir á inneign hjá ríkissjóði árið 2004. En frá og með 1. janúar 2005 verður það gert samanber lagabreytingu þar um.

Vaxtatekjur .....	93.142	1.909.080
Vaxtagjöld .....	(10.417)	(190.896)
	<u>82.725</u>	<u>1.718.184</u>

#### 5. Ýmsar skammtímaskuldir

Úrvinnslusjóður hefur gert með sér þjónustusamninga við fyrirtæki varðandi meðferð á vöruafgöngum.

Þjónustusamningar vegna meðferðar vöruafganga .....	86.164.169	57.903.891
Endurkröfur vegna útflutnings .....	6.777.618	6.777.618
Ýmis ógreidd gjöld .....	8.715.246	9.570.884
	<u>101.657.033</u>	<u>74.252.393</u>

### Annað

#### 6. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu sjóðsins gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum sjóðsins. Í árslok 2004 nam inneign sjóðsins hjá ríkissjóði 616,7 m.kr. og hafði batnað um 317,8 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2004 .....	298.959.892
Hreyfingar .....	317.760.337
Staða 31. desember 2004	<u>616.720.229</u>

#### 7. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáferð leiðir það af sér að höfuðstóll sjóðsins sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hans gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2004 sýnir höfuðstóll sjóðsins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 577,7 m.kr.

##### Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2004 .....	269.352.527
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag .....	308.307.135
Höfuðstóll 31. desember 2004	<u>577.659.662</u>

## Kennitölur

Fimm ára yfirlit í flúsundum króna á verðlagi hvers árs:

Rekstur	2004	2003	2002	2001	2000
Tekjur .....	679.055	517.990	140.515	147.530	153.989
Gjöld og fjármagnsliðir .....	370.748	279.856	158.010	135.629	144.880
Tekjuafgangur (halli) ársins .....	308.307	238.134	(17.495)	11.901	9.109
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .....	679.337	343.605	77.198	85.265	74.501
Eignir alls .....	679.337	343.605	77.198	85.265	74.501
Höfuðstóll .....	577.660	269.353	31.219	48.714	36.812
Skammtímaskuldir .....	101.677	74.252	45.979	36.551	37.689
Eigið fé og kuldir alls .....	679.337	343.605	77.198	85.265	74.501

Úrvinnslusjóður varð til 1. janúar 2003 með lögum nr. 162 frá 20. desember 2002. Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og tók við öllum sjóðum og skuldbindingum Spilliefnanefndar sem lagðist niður á sama tíma. Tölur vegna árunna 2000 til 2002 eru því vegna Spilliefnanefndar.

### 3.7 Uppgjör ársins 2004 eftir vöruflokkum

	Vöruf. 1	Vöruf. 02	Vöruf. 04	Vöruf. 05	Vöruf. 06	Vöruf. 07	Vöruf. 08	Vöruf. 09	Vöruf. 10	Vöruf. 11	Vöruf. 12	Vöruf. 13	Vöruf. 14	Vöruf. 15	Vöruf. 16	Vöruf. 17	Vöruf. 18	Vöruf. 19	Vöruf. 51	Samtals
	Heyrullu-plast	Samsettar umbúðir	Olluvörur	Leyisefni	Halógeneruð efnasambönd	Ísósjanít/pólýuretón	Ollu-málining	Prentlitir	Raflíður	Rafgeymar	Vörur í ljós-myndaíðnaði	Kvikasilfur-vörur	Varnarefni	Kælimiðlar	Hjólbarðar	Veidarfæri	Pappis-, pappa og plastumbúðir	Raftæki	Ókutæki	
<b>Tekjur:</b>																				
Álagt úrvinnslugjald vinnfluttra vara	17.838.225	37.685.910	96.497.743	9.332.592	8.250.450	559.904	19.075.652	19.607.384	19.502.160	31.061.019	11.635.344	70.200	634.833	212.729	228.276.759					500.240.905
Álagt úrvinnslugjald vinnleindra vara og ökutækja				68.368			15.133.040												164.515.101	179.716.509
Endurgj. úrv. v/rotkunar í aðrar vörur							-902.235													-902.235
Endurgreitt úrvinnslugjald v/úflutnings																				0
Endurgreitt úrv. v/eigin endurnýtingar																				0
Tekjur samtals (nettó):	17.838.225	37.685.910	96.497.743	9.400.960	8.250.450	559.904	33.306.457	19.607.384	19.502.160	31.061.019	11.635.344	70.200	634.833	212.729	228.276.759	0	0	0	164.515.101	679.055.178
<b>Gjöld:</b>																				
Skilagjald																			31.190.000	31.190.000
Umsylukostnaður vskilagjalds																			2.632.296	2.632.296
Skilagjald																			33.822.296	33.822.296
Móttökustöðvagjald	1.170.715	1.914.482	33.873.829	6.045.191	5.936.006	161.852	22.955.345	7.095.927	5.177.809	16.196.508	10.877.276	42.116	184.305	951.378	100.103.340					212.686.079
Söfnunarstöðvagjald		7.746.211	679.979	183.937	98.940	4.676	2.749.519	45.494	746.059	3.291.657	1.633.389	1.728	6.840		2.705.405				1.690.995	21.584.829
Umsylukostnaður v/söfnunarstöðvagjalds			67.997	18.394	9.813	466	274.953	4.551	74.607	329.167	163.337	173	687							944.145
Söfnunarstöðvagjald	0	7.746.211	747.976	202.331	108.753	5.142	3.024.472	50.045	820.666	3.620.824	1.796.726	1.901	7.527	0	2.705.405	0	0	0	2.343.741	23.181.720
Flutningsgjald		3.466.524	25.698.994	173.300	149.092	7.672	1.582.217	52.017	484.761	5.146.376	1.970.590	1.502	12.526						4.486.500	43.232.071
Umsylukostnaður v/flutningsgjalds			29.183	17.330	14.908	767	158.222	5.203	48.476	514.628	197.058	152	1.252							987.179
Flutningsgjald	0	3.466.524	25.728.177	190.630	164.000	8.439	1.740.439	57.220	533.237	5.661.004	2.167.648	1.654	13.778	0	0	0	0	0	4.486.500	44.219.250
Önnur meðhöndlunargjöld																			10.344.385	10.344.385
Afskrifað úrvinnslugjald			19.730				2.366			8.656			6						181.760	212.518
Rekstrarkostnaður, sértækur	1.703.891	298.301					35.618											1.267.579	411.743	1.287.809
Rekstrar- og fjárm.kostn., sameiginl.	1.084.146	2.290.421	5.864.803	571.358	501.434	34.029	2.024.253	1.191.670	1.185.275	1.887.783	707.156	4.267	38.583	12.929	13.873.882	0	0	0	9.998.666	41.270.654
Gjöld samtals:	3.958.752	15.715.939	66.234.515	7.009.510	6.710.193	209.462	29.782.493	8.394.862	7.716.987	27.374.775	15.548.806	49.938	244.199	964.307	116.688.827	0	1.267.579	411.743	62.465.157	370.748.043
<b>Rekstrarmúrstaða ársins</b>	13.879.473	21.969.971	30.263.228	2.391.450	1.540.257	350.442	3.523.964	11.212.522	11.785.173	3.686.244	-3.913.462	20.262	390.634	-751.578	111.587.932	0	-1.267.579	-411.743	102.049.944	308.307.135
Eigið fé í ársbyrjun	0	13.857.910	17.649.296	-5.358.462	-9.434.689	-1.190.116	-38.696.221	-10.673.175	3.504.937	35.473.768	-5.169.990	20.736	371.326	26.531.006	130.375.003	-4.405.658	-100.444	0	116.597.298	269.352.527
Eigið fé í árslok	13.879.473	35.827.881	47.912.524	-2.967.013	-7.894.432	-839.675	-35.172.256	539.347	15.290.110	39.160.012	-9.083.452	40.999	761.960	25.779.428	241.962.936	-4.405.658	-1.368.023	-411.743	218.647.242	577.659.662

## 4. Rekstur úrvinnslugjaldskerfisins

### 4.1 Fjárhagsafkoma

Brúttótekjur af úrvinnslugjaldi námu 680,0 m.kr. á árinu. Þar af var úrvinnslugjald af innfluttum vörum 500,3 m.kr., af innlendri framleiðslu 15,2 m.kr. og af ökutækjum 164,5 m.kr.

Endurgreitt úrvinnslugjald, vegna leysiefna sem notuð eru í innlenda málningarframleiðslu, nam 0,9 m.kr. Afskrifað úrvinnslugjald nam 0,2 m.kr. Nettótekjur af úrvinnslugjaldi voru því 679,1 m.kr. árið 2004 en 678,9 m.kr. að teknu tilliti til afskrifta.

Tekjur af spilliefnum jukust úr 161,3 m.kr. árið 2003 í 230,7 m.kr. árið 2004. Af olíuvörum jukust tekjur um 30,8 m.kr. Helmingur aukningarinnar er vegna hærra úrvinnslugjalds og helmingur vegna meiri innflutnings. Af leysiefnum var afkoman 6,7 m.kr. betri en í þeim vöruflokki er magn innflutnings mjög breytilegt milli ára. Af málningu voru tekjurnar 4,7 m.kr. meiri. Aldrei hefur verið flutt svo mikið inn af prentlitum sem nú og jukust tekjur af þeim um 13,0 m.kr. Af rafhlöðum jukust

tekjur um 2,3 m.kr. og af rafgeymum um 7,6 m.kr. Þá jukust tekjur af vörum í ljósmyndaiðnaði um 3,0 m.kr. Segja má að tekjur hafi verið miklar í öllum vöruflokkunum og í mörgum vöruflokkunum hafa tekjur aldrei verið meiri. Skýrist það fyrst og fremst af verulega auknum innflutningi til landsins.

Í ársbyrjun hófst álagning á einn vöruflokk, heyrulluplast. Tekjur af þeim vöruflokki námu 17,8 m.kr. Tekjur af samsettum drykkjarvöruumbúðum og hjólbörðum voru 267,0 m.kr. og 164,5 m.kr. af ökutækjum.

Heildargjöld án tillits til afskrifta námu 370,5 m.kr. Gjöld vegna spilliefna voru 170,2 m.kr. sem er 9,3 m.kr. minna en árið áður, vegna ökutækja 62,5 m.kr. og vegna annarra vöruflokka 138,0 m.kr. Stærstu útgjaldaliðir voru móttökustöðvagjöld sem námu 57% af heildargjöldum og flutningsgjöld 12%. Söfnunarstöðvagjöld voru 6% og skilgjald, sem einungis er greitt vegna bifreiða, nam 9%.

Tafla 4.1  
Starfssvæði  
sorpsamlaga/  
sveitarfélaga og  
íbúafjöldi fleirra  
árið 2004

Sorpsamlag/sveitarfélag	Starfssvæði	Íbúafjöldi
Sorpa bs.	Höfuðborgarsvæðið (Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík, Mosfellsbær og Kjósarhreppur	184.253
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	Öll sveitarfélög sunnan Hafnarfjarðar og vestan Ölfushrepps	17.110
Sorpsamlag Vesturlands hf.	Öll sveitarfélög í Vesturlandskjördæmi. Reykhólahreppur er talinn hér með	14.684
Vesturbyggð og Tálknafjörður		1.360
Funi	Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavíkurhreppur	5.283
Sorpsamlag Strandasýslu	Öll sveitarfélög í Strandasýslu	887
Húnaþing vestra		1.083
Austur Húnavatnssýsla	Öll sveitarfélög í Austur Húnavatnssýslu	2.060
Skagafjörður og Akrahreppur	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	4.361
Siglufjörður		1.392
Sorpeyðing Eyjafjarðar	Öll sveitarfélög í Eyjafjarðarsýslu, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppa. Grímsey talin með	21.950
Sorpsamlag Þingeyinga	Öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslu utan Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppa	4.943
Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar		865
Sorpeyðing Miðhéraðs	Austur-Hérað og Fellahreppur	2.168
Norður-Hérað, Seyðisfjörður, Fljótalds- og Borgarfjarðarhreppur		2.349
Sorpsamlag Mið-Austurlands	Fjarðarbyggð, Búða-, Fáskrúðsfjarðar- og Stöðvahreppar	4.099
Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpvogshreppar		2.949
Hula bs.	Skaftár-, Mýrdals, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur	1.015
Sorpsstöð Rangárvallasýslu	Öll sveitarfélög í Rangárvallasýslu önnur en A- og V-Eyjafjallahreppar	3.246
Sorpsstöð Suðurlands	Öll sveitarfélög í Árnessýslu	13.305
Bæjarveitur Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	4.215
	Samtals	293.577

## Mótttekinn flokkaður úrgangur eftir starfsvæðum 2004

Starfsvæði	Heildarmagn [kg]	Frankköll- unarefni	Halógen- eruð efna- sambönd	Heyrúllu- plast	Hjólbarðar	Ísósyanöt	Ksvikasílf ursvörur	Kælir- miöla	Leysiefni	Olíu- málning	Olíuvörur	Prentlitir	Blysyru- rafgeymar	Rafhlióður	Samsettar umbúðir	Varnar- efni
11 Sorpa bs.	141.171	13.609			3.251.583	577	130	51	69.104	121.446	2.109.180	56.747	470.058	25.073	111.238	682
21 Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	596	97			826.730		60		935	8.619	281.894		56.581	161	4.370	8
31 Sorpsamlag Vesturlands hf.	4.712	90			151.880				4	2.718	212.085	6	26.764	1.060	1.470	17
41 Vesturbyggð og Tálknafjörður	172										5.134		15.830	4		
42 Funi	1.732				35.550				587	2.144	69.221		17.126			
43 Sorpsamlag Strandasýslu										272	414		5.732	202		
51 Húnaþing vestra	855					3				269	2.567		7.833	241	915	
52 Austur Húnavatnssýsla	719									136	22.442		6.871	80		
53 Skagafjörður og Akrahr.	1.191	63					1		41		83.390		9.990	193		1
54 Siglufjörður	800	164								661	54.530	10	6.479	45	2.375	
61 Sorpeyðing Eyjafjarðar	9.297	19.410			35.478	64	2	23	532	10.872	498.713	999	61.524	3.257	15.947	17
62 Sorpsamlag Þingeyinga	1.433	391			13.995	20		5		634	57.088		19.614	641	693	14
71 Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar	86										38.490		6.441	180		
72 Sorpeyðing Miðháa	3.703	306			0	11				1.105	129.349		14.306	433	7.666	91
73 Norður-Hérað, Seyðisfjörður, Fljótalds- og Borgarfjarðarhr.	60	6			28.040				4	17	22.856		1.259	33	1.495	1
74 Sorpsamlag Mið-Austurlands	1.520				113.450	23			19	2.604	257.191	2	18.642	842	1.224	44
75 Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpvogshreppar	420				30.375	1				517	52.728		12.272	174	1.260	6
82 Hula bs.	64		33.449							407	7.701		4.375	197	5.110	
83 Sorpstöð Rangárvallasýslu	103	271							1.170	1.701	21.613		16.843		4.900	
84 Sorpstöð Suðurlands	4.741				193.315			31	860	4.742	118.488		49.515	886	18.295	61
85 Bæjarveitur Vestmannaeyja	5.901								781	287.491			526			
Samals	179.276	34.407	33.449	4.680.396	699	193	110	73.256	159.645	4.332.566	57.764	828.055	34.228	176.958	942	

**Tafla 4.2**  
**Mótttekinn**  
**flokkaður**  
**úrgangur eftir**  
**starfsvæðum**  
**2004**

Rekstrarkostnaður var 12,5% af heildargjöldum sem samsvarar 7% af tekjum. Rekstrarniðurstaða á árinu var jákvæð um 308,3 m.kr. Eigið fé nam 577,7 m.kr. í árslok.

Kröfur olíufélaganna vegna sölu á smurolíu til erlendra skipa eru ófrágengnar en hafa verið bókfærðar (6,8 m.kr.) auk þess sem ætla má að olíufélagin eigi eftir að lýsa a.m.k. annarri eins kröfu vegna árána 1998-2004.

Í töflu 4.2 kemur fram hvað hefur borist til úrvinnslu á árinu í hverjum vöruflokki. Með því að meta magn úrgangs miðað við íbúafjölda má gera samanburð milli starfssvæða óháð íbúafjölda.

Í töflu 4.3 er magn úrgangs í öllum vöruflokkum tilgreint miðað við þúsund íbúa. Sakir fámennis á mörgum starfssvæðanna verða ekki dregnar víðtækar ályktanir af þessum upplýsingum. Ef skil eru ekki regluleg getur t.d. einn farmur af úrgangi skekkt myndina verulega.

Í nýjum vöruflokkum er oft uppsöfnun hjá þjónustuaðilum meðan verið er að koma á ráðstöfunarleiðum. Því bókast safnað magn ekki endilega á það ár sem því var safnað á.

### 4.2 Kostnaður við framkvæmd laganna um úrvinnslugjald

Í lögum um úrvinnslugjald er kveðið á um að sérhver vöruflokkur skuli vera fjárhagslega sjálfstæður. Úrvinnslugjald er lagt á vörur í hverjum vöruflokki óháð vörum í öðrum vöruflokkum. Hver og einn vöruflokkur myndar sérstakan sjóð þar sem tekjum og gjöldum er ætlað að standast á þannig að eigið fé verði sem minnst. Rekstrarkostnaði hefur verið deilt á vöruflokkana í réttu hlutfalli við

tekjur (álagt úrvinnslugjald) af vörum í viðkomandi vöruflokki.

Ljóst er að jöfnuður í tekjum og gjöldum hvers og eins vöruflokks næst ekki á hverju ári. Misjafnlega hefur hallað á í rekstri vöruflokkanna en með breytingu á úrvinnslugjaldi og hagræðingu í rekstri hefur verið leitast við að jafna stöðu flokkanna.

